

## Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2010

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2010 og um stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.<sup>1</sup>

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 9 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi samanborið við rúmlega 18 ma.kr. óhagstæðan jöfnuð á fjórðungnum á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 32,5 ma.kr. og 13,5 ma.kr. afgangur var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 53 ma.kr.

Halla á þáttatekjum á öðrum ársfjórðungi má eins og áður rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 40,6 ma.kr. og tekjur 16,9 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var neikvæður um 31,4 ma.kr. en viðskiptajöfnuður jákvæður um 14,8 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 8.206 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.917 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 5.711 ma.kr. og lækka nettóskuldir um tæpa 189 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.487 ma.kr. og skuldir 3.048 ma.kr. Hrein staða var því neikvæð um 561 ma.kr. að þeim undanskildum.

Enn eru takmarkaðar upplýsingar um erlendar eignir og skuldir innlánsstofnana í slitameðferð. Þær eru því að mestu leyti framreiknaðar eins og þær stóðu við þrot þeirra og sýndar sérstaklega í liðnum „Innlánsstofnanir í slitameðferð“ sem er undirliður liðarins „Aðrir geirar“.

---

<sup>1</sup> Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma**

|                                    | <u>2009 /2</u> | <u>2009 /3</u> | <u>2009 /4</u> | <u>2010 /1</u> | <u>2010 /2</u> |
|------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Viðskiptajöfnuður</b>           | <b>18,8</b>    | <b>-27,5</b>   | <b>-17,3</b>   | <b>-18,3</b>   | <b>-9,0</b>    |
| Útflutningur vöru og þjónustu      | 186,8          | 232,3          | 204,3          | 196,2          | 221,0          |
| Innflutningur vöru og þjónustu     | -154,7         | -180,3         | -173,0         | -166,1         | -174,9         |
| Þáttatekjur og framlög, nettó      | -13,2          | -79,4          | -48,5          | -48,3          | -55,1          |
| <b>Fjármagnsjöfnuður</b>           | <b>186,5</b>   | <b>-69,2</b>   | <b>-269,6</b>  | <b>14,3</b>    | <b>-26,6</b>   |
| Fjármagnshreyfingar án forða       | 150,7          | -23,9          | -218,6         | 30,7           | 85,9           |
| Erlendar eignir, nettó             | 154,0          | -71,5          | -150,8         | -5,9           | -29,7          |
| Erlendar skuldir, nettó            | -2,4           | 72,9           | -10,1          | 36,6           | 115,7          |
| Gjaldeyrisforði (- aukning)        | 36,1           | -44,9          | -50,6          | -16,2          | -112,4         |
| <b>Skekkjur og vantalið, nettó</b> | <b>-205,3</b>  | <b>96,7</b>    | <b>286,9</b>   | <b>4,0</b>     | <b>35,6</b>    |

**Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma**

|                               | <u>2009 /2</u> | <u>2009 /3</u> | <u>2009 /4</u> | <u>2010 /1</u> | <u>2010 /2</u> |
|-------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Erlendar eignir, alls</b>  | <b>8.766</b>   | <b>8.809</b>   | <b>8.721</b>   | <b>8.476</b>   | <b>8.206</b>   |
| Bein fjárfesting erlendis     | 954            | 890            | 873            | 739            | 747            |
| Erlend markaðsverðbréf        | 2.009          | 2.079          | 2.084          | 2.080          | 1.939          |
| Aðrar fjáreignir en forði     | 5.418          | 5.406          | 5.278          | 5.167          | 4.946          |
| Gjaldeyrisforði               | 384            | 435            | 485            | 490            | 573            |
| <b>Erlendar skuldir, alls</b> | <b>14.771</b>  | <b>14.698</b>  | <b>14.640</b>  | <b>14.376</b>  | <b>13.917</b>  |
| Bein fjárfesting á Íslandi    | 1.091          | 1.057          | 1.078          | 1.051          | 970            |
| Innlend markaðsverðbréf       | 5.578          | 5.427          | 4.965          | 4.512          | 3.868          |
| Aðrar erlendar skuldir        | 8.021          | 8.157          | 8.597          | 8.813          | 9.079          |
| <b>Hrein staða við útlönd</b> | <b>-6.006</b>  | <b>-5.889</b>  | <b>-5.919</b>  | <b>-5.900</b>  | <b>-5.711</b>  |

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson á upplýsinga-sviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.